

✉ Re: Umsagnarbeiðni: Seljadalsnáma - Tillaga að matsáætlun

Búið til	27.1.2021 10:34:26
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	27.1.2021 10:34:25
Tilheyrir	📁 202012-0028 - Seljadalsnáma - Tillaga að matsáætlun

Efni

Re: Umsagnarbeiðni: Seljadalsnáma - Tillaga að matsáætlun

Upplýsingar

Sent	27.1.2021 10:34:25	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is

Innihald

Mál: 202012-0028 IAS/LA

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts Skipulagsstofnunar frá 14. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun er varðar Seljadalsnámu í Mosfellsbæ.

Náttúrufræðistofnun biðst velvirðingar á hversu seint erindinu er svarað.

Áformað er að hefja aftur efnistöku úr Seljadalsnámu. Síðast var efni tekið úr námunni árið 2018 og er nýbúið að ganga frá henni. Náman er í Mosfellsbæ og landið er í eigu bæjarins.

Í matsáætluninni er gert ráð fyrir að skoðuð verði áhrif á eftirfarandi: Gróður, Fuglalíf, Jarðmyndanir, Landslag og ásýnd, Útivist, Fornleifar, Loftgæði, Hljóðvist og Vatnsvernd

Suðvestan við námusvæðið er frístundabyggð og rétt sunnan við námuna (rúmlega 200 m) er gamli Þingvallavegurinn, Kóngsvegurinn. Kóngsvegurinn eru menningarminjar með mikla sögu og í dag vinsæll sem göngu- og reiðleið.

Margar athugasemdir hafa komið vegna fyrirhugaðra framkvæmda, mest frá íbúum í nágrenni svæðisins. Fyrirfram er ljóst að verulegt ónæði verður vegna vinnslunnar og ekki síður á flutningi efnisins frá námunni eftir vegum sem eru ekki gerðir fyrir þungaflutninga.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að efnið sem þarna verður unnið henti vel í malbik og á bls. 13 stendur: *“Ekki er vitað til þess að efnisnáma af slíkum gæðum sé að finna á öðrum jafn aðgengilegum stað nálægt höfuðborgarsvæðinu. Allir innviðir eru til staðar og svæðinu hefur áður verið raskað.”*

Grágrýtið sem nýta á í Seljadalsnámu er ólívín póleítt að gerð sem er algengt í berggrunni höfuðborgarsvæðisins. Því má spyrja hversu vel grágrýti til námuvinnslu hefur verið skoðað og hvort ekki sé möguleiki á að sambærilegt efni sé að finna á svæði sem er betur fallið til námuvinnslu? Þetta þarf að skoða.

Berggrunnur við Seljadalsnámu einkennist af neti sprungna og misgengja. Þá eru í nálægð þess, norðan og suðvestan við svæðið, kaldar uppsprettur eða lindir (Berggrunnskort, Mosfell 1613 III NA 1:25.000). Mikilvægt er að kanna grunnvatnsstreymi og lekt sprungna.

Í og við námasvæðið í Seljadal eru engin friðlýst svæði, svæði á náttúruminjaskrá eða náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga (60/2013).

Í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 segir að Seljadalur (sem er í eigu bæjarins) sé svæði þar sem vert sé að kanna möguleika á friðun. Þar stendur á bls. 60-61 (feitlettrað NÍ):

„5.1.4 ÖNNUR SVÆÐI Unnið er að friðlýsingu nokkurra svæða og náttúrufyrirbæra í Mosfellsbæ eftir tillögum umhverfisnefndar. Sum svæðanna sem þar eru til skoðunar njóta sérstakrar verndar jarðmyndana og vistkerfa, sbr. 5.1.3, og nokkur þeirra eru innan hverfisverndarsvæða. Önnur svæði sem til álita koma eru ekki merkt sérstaklega inn á uppdrætti. [...]“

Eftirfarandi er listi yfir svæði þar sem vert er að kanna möguleika á friðun. Á þessu stigi er um hugmyndalista að ræða en eftir er að ræða við landeigendur og skilgreina mögulega afmörkun:

- *Urðir í miðbæ Mosfellsbæjar*
- *Skiphóll við ósa Varmár*
- *Vatnakerfi Leirvogsvatns og Geldingatjarnar*
- *Borgarhólar*
- ***Seljadalur***
- *Bringur*
- *Fellin í Mosfellsbæ, Helgafell, Mosfell, Reykjafell, Úlfarsfell, Æsustaðafjall, Grímannsfell og Lágafell*
- *Blikastaðanes*
- *Katlagljúfur*

*Að auki hefur komið fram hugmynd um hverfisvernd á Flatafelli, Reykjaborg, Hafrahlíð, Kýrgili, **gamla Þingvallaveginum** og Bringnavegi. Á öllum þessum svæðum skal viðhöfð sérstök aðgát og samráð við bæjaryfirvöld vegna umgengni, nýtingar eða framkvæmda þótt þau njóti hvorki formlegrar friðunar né verndar.“*

Það er nokkuð ljóst að námavinnsla og friðun í Seljadal, ásamt friðun gamla Þingvallavegar, fara ekki saman og því er spurning hvort þessar hugmyndir um friðun svæða séu ekki lengur á dagskrá hjá Mosfellsbæ.

Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar frá 6. febrúar 2020, vegna frístundasvæða í suðurhluta Mosfellsbæjar er stefnt að þéttingu frístundabyggðar norðan við Selvatn og vestan Dallands (https://www.mos.is/library/Skrar/.pdf-skjol/Skipulagsmal/deiliskipulag/2020/ASK_frirstundabyggd.pdf)

(https://www.mos.is/library/Skrar/.pdf-skjol/Skipulagsmal/deiliskipulag/2020/ASK_fristundabyggd.pdf). Ef af verður mun endurofnun náunnar hafa áhrif á mun fleiri einstaklinga og erfitt að sjá hvernig þetta tvennt fer saman.

Stofnunin áskilur sér rétt til að koma með athugasemdir, gerist þörf á því, þegar endanleg matsáætlun verður kynnt.

Bestu kveðjur,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is>)

From: "Sigurður Ásbjörnsson - SLS" <Sigurdur.Asbjornsson@skipulag.is>
To: "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "eftirlit@eftirlit.is" <eftirlit@eftirlit.is>; "arni@eftirlit.is" <arni@eftirlit.is>; "Trausti Baldursson - NI" <Trausti.Baldursson@ni.is>; "Kristinn Pálsson" <kristinnp@mos.is>; "mos@mos.is" <mos@mos.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Umsagnarbeiðni: Seljadalsnáma - Tillaga að matsáætlun
Date: 14.12.2020 10:21:12

Til:

Mosfellsbæjar, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Efla f.h. Mosfellsbæjar hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tillögu að matsáætlun um ofangreinda framkvæmd, móttakin 19. október 2020, skv. 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Hér með er óskað eftir að ofangreindir móttakendur þessa tölvupósts gefi umsögn um meðfylgjandi tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106/2000 og 17. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögninni þarf eftir því sem við á að koma fram hvort tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar, hvort «Fyrirtæki» geri athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til, valkosti sem leggja á mat á, gagnaöflun sem er fyrirhuguð, hvernig til standi að vinna úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmd er háð.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir **6. janúar 2021** og einnig á tölvupóstfang: sigurdur@skipulag.is og skipulag@skipulag.is (<mailto:skipulag@skipulag.is>).

Bent er á að umsagnarbeiðnin og tillaga að matsáætlun eru eingöngu sendar út í tölvupósti.

Virðingarfyllst,

Sigurður Ásbjörnsson

Sigurður Ásbjörnsson

sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

sigurdur@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun